



*Ágústína  
Hjörleifsdóttir*

*Fædd 18. janúar 1936*

*Dáin 20. júlí 2023*



*Útför frá Akraneskirku  
föstudaginn 28. júlí 2023*

*Tónlist fyrir athöfn*

## ***Forspil***

*Söknuður*

*Jóhann Helgason*

## ***Bæn***

## ***Einsöngur***

*Heyr mína bæn*

*Níza - Ólafur Gaukur Símonarson*

## ***Ritningarorð***

Hærra, minn Guð, til þín,

hærra til þín,

enda þótt öll sé kross

upphefðin mín.

Hljóma skal harpan mín:

::: Hærra, minn Guð, til þín, :::

hærra til þín.

Sofanda sýndu þá

sólstígans braut

upp í þitt eilífa

alföðurskaut.

Hljómi svo harpan mín:

::: Hærra, minn Guð, til þín, :::

hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð

lukkunnar hjól,

hátt yfir stund og stað,

stjörnur og sól,

hljómi samt harpan mín:

::: Hærra, minn Guð, til þín, :::

hærra til þín.


*Adams - Matthías Jochumsson*

## ***Ritningarorð***











Er sumarið kom yfir sæinn  
og sólskinið ljómaði um bæinn  
og vafði sér heiminn að hjarta,  
ég hitti þig, ástin mín bjarta.

Og saman við leiddumst og sungum  
með sumar í hjörtunum ungu,  
- hið ljúfasta' úr lögunum mínum,  
ég las það í augunum þínum.

Þótt húmi um heiðar og voga,  
mun himinsins stjörndýrð loga  
um ást okkar, yndi og fögnuð,  
þó andvarans söngródd sé þögnuð.

*Sígfús Halldórsson - Tómas Guðmundsson*

## ***Guðspjall***

### ***Einsöngur***

***Næturljóð úr Fjörðum***

*Böðvar Guðmundsson*

## *Minningarorð*

Snert hörpu mína, himinborna dís,  
svo hlusti englar guðs í Paradís.  
Við götu mína fann ég fjarlarstúf  
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,  
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.  
Í huganum til himins oft ég svíf  
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,  
og sumir verða alltaf lítil börn.  
En sólin gyllir sund og bláan fjörð  
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjaþyt.  
Um varpann leikur draumsins perluglit.  
Snert hörpu mína, himinborna dís,  
og hlustið, englar guðs í Paradís.

*David Stefánsson - Atli Heimir Sveinsson*

## *Bæn / Fadir vor*

### *Einsöngur Í grænum mó*

*Sigfús Halldórsson – Gestur Guðmundsson*

## *Moldun*

### *Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstud,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lífi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*



## *Blessun*

### *Eftirspil*

*Ísland er land þitt*

*Magnús Þór Sigmundsson – Margrét Jónsdóttir*

*Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson*

*Organisti: Hilmar Örn Agnarsson*

*Söngur: Kammerkór Akraneskirkju*

*Einsöngur: Ásta Marý Stefánsdóttir*

*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

***Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness***

*Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í  
Safnaðarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni*